

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. febrúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Urðarhvarf 8. Í breytingunni felst að breyta hluta niðurgrafinnar bílageymslu þar sem fyrir eru 26 bílastæði í geymslurými alls 967 m². Núverandi fjöldi bílastæða á lóð uppfyllir kröfur um fjölda bílastæða á lóð miðað við 1 stæði á hverja 50 m² í geymslum og 1 stæði á hverja 35 m² í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Heildarfjöldi bílastæða á lóð eftir breytingu eru 390 stæði.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Tónahvarf 3. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. febrúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Tónahvarf 3. Í breytingunni felst heimild til að byggja 211 m² viðbyggingu við vesturgafli núverandi atvinnuhúsnæðis. Bílastæðum á lóð er fjölgað um þrjú stæði.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 14. febrúar 2019.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.